

**Ed.**

**525. Lög**

um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

(Afgreidd frá Ed. 27. ágúst).

1. gr.

Í stjórn Landsbankans eru þrjú bankastjórar, er stjórnarráðið skipar. Skál einn þeirra hafa leyst af hendi próf í lögfræði, er veiti rjett til embætta þeirra á Íslandi, er lögfræðingar skipa.

Stjórnarráðið getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar því þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

Stjórnarráðið setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

2. gr.

Aðsetur bankans er í Reykjavík og þar skulu bankastjórar eiga heima.

3. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans. Nákvæmari fyrirmæli um samband þeirra sín á milli getur ráðherra sett.

#### 4. gr.

Stjórnarráðið skipar bókara og fjehirði bankans og, ef þörf krefur, aðstoðarfjehirði, og vikur þeim frá, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar. Ef aðstoðarfjehirðir verður skipaður, fer um verkaskifting milli hans og fjehirðis eftir ákvörðun stjórnarráðsins, að fengnum tillögum bankastjórnar. Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og vikur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja vixla, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjórn heimilt að veita einum af starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum af bankastjórunum.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að fjehirðir eða aðstoðarfjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir bankans eða aðstoðarfjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og þess starfsmanns, sem hefir umboð það frá bankastjórn, er að ofan greinir.

Verði ágreiningur milli bankastjórnanna um eitthvert mál, er bankann varðar, ræður meiri hluti bankastjórnar.

#### 5. gr.

Bankastjórar hafa í árslaun 6000 krónur hver og auk þess 5% af ársarði bankans, þó aldrei af meiri ársarði en 300 þús. kr., sem skiftist jafnt milli þeirra.

Bókari og fjehirðir hafa að launum 5000 krónur hvor og aðstoðarfjehirðir 4000 kr. Auk þess hafa hinir síðarnefndu 1000 kr. í mistalningarfje hvor á ári, enda skulu þeir setja hæfilegt veð, er stjórnarráðið tiltekur.

Þessir starfsmenn bankans og bankastjórar njóta dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglum og starfsmenn rikissjóðs.

Bankastjórar mega ekki hafa embættisstörf á hendi nje reka sjálfir aðra atvinnu.

#### 6. gr.

Stjórn bankans er ávalt skylt að veita ráðherra alla þá vitneskju um hag bankans, sem honum þurfa þykir. Ráðherra getur og, hve nær sem er, látið skoða allan hag bankans.

#### 7. gr.

Eigi mega bankastjórar nje sýslunarmenn vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

#### 8. gr.

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema sjer-stakar ástæður banni, svo sem staðhættir. Sama er um rikisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum. Landsbankinn með útibúum sin-

um hefir einn, að því er við verður komið, heimild til að taka við tryggingar-  
geymslufje (depositum).

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands, nema að  
því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum. Sparisjóðir skulu halda  
rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44, 3. nóv. 1915, um  
sparisjóði.

#### 9. gr.

Stofna skal styrktarsjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra  
og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 kr. í eitt skifti  
fyrir öll. Allir, sem fá fasta atvinnu í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi,  
skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árslaunum sínum, enda öðlast þeir  
þá rjett til styrks úr honum eftir þeim reglum, sem þar um gilda. Sama rjett  
öðlast þeir, sem eru starfsmenn bankans, er lögin öðlast gildi, ef þeir greiða  
gjald þetta frá þeim tíma.

Ráðherra sá, er bankamál bera undir, ákveður með reglugerð, að fengn-  
um tillögum bankastjórnar, um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir styrkveit-  
ingu úr honum og annað, sem þar að lýtur.

Þessi grein tekur ekki til bankastjóranna.

#### 10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920. Með lögum þessum eru numin úr  
gildi lög nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18.  
sept. 1885 m. m., og lög nr. 80, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 12,  
9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.